

Textíl lab

Aðstaða til þróunar, rannsókna og nýsköpunar í textíl

Textílmíðstöðin í samstarfi við Byggðarsamlag um menningar og atvinnumál í A-Hún hlaut 17,612 styrk til kaupa á tækjum til að byggja upp rannsóknarinnviði, kaupa tæki og koma þeim fyrir í húsnæði Kvennaskólans.

Við innviðauppbýgginguna er í **fyrsta lagi** lögð áhersla á kaup á tækjum sem veita möguleika á að vinna með allar helstu aðferðir við að vinna þráð í efni, s.s. þrjón og vefnað. Í **öðru lagi** er lögð áhersla á tækjakost sem vinnur með óspunna ull (þæfingu) en það er vinnsluaðferð sem hentar íslensku ullinni afar vel. Í **þriðja lagi** er áhersla á að byggja upp tækjakost sem gefur möguleika á samspili á milli vinnsluaðferða/tækja og frekari vinnslu efna svo sem útsaum, þrykk, og skurð á efni. Tækjakosturinn gefur einnig möguleika á að rannsaka þróun efnisþráða úr nýjum efnum og efnasamsetningum. Með tækjunum er einnig hægt að vinna prufur með ólíkum aðferðum sem síðar er hægt að nýta til frekari rannsókna og til iðnaðarframleiðslu á textíl.

Þau tæki sem búið er að fjármagna með styrk frá Innviðasjóð, Centrinno Evrópuverkefninu og Uppbygginasjóði SSNV

Stafrænn vefstóll

Stafrænn vefnaður gefur möguleika á tilraunum og gerð efnisprufa en enginn framleiðsla á vefnaðarvöru á sér stað á Íslandi.
Flutt inn frá Noregi

Verð: 5.532.286
122X150X155 cm
Þyngd 360 kg

Stafræn Þrjónavél

Í stafrænu þrjóni felast mikil nýsköpunar og hægt að líkja því við hugbúnaðargerð, búa til svo dæmi sé tekið flíkur og hluti án sauma.
Flutt inn frá Bandaríkjunum

Verð: 1.323.697
70 X 152X65cm
Þyngd 210 kg

Nálapæfingavél

Vélin festir saman óspunna ull með því að stinga nálum í ullina þannig að hún loði saman og úr verði efni.
Flutt inn frá Bandaríkjunum

Verð 5.855.301
160X 150X90 cm
Þyngd 360 kg

Stafræn Útsaumsvél

Vélin nýtist í ýmsar tilraunir og nýsköpun í vinnslu á textíl með útsaumi.
Keypt á Íslandi

Verð: 1.303.774

Létt og fyrirferðarlítill

Leiserskeri

Eitt vinsælasta tækið hjá notendum Fab Lab. Auðvelt að færa tölvuteikningar í nákvæman skurð á efni.
Keypt á Íslandi

Verð 3.648.000
138X867X107 cm
182 kg

Vínyskeri

Vínyskerinn er afar fjölhæft tæki og nýtist í samspili við öll hin tækin meðal annars til að útbúa snjallvirkar flíkur.
Keypt á Íslandi

Verð 1.304.400
101X53X24
36 kg

Helstu verkefni önnur en Centrionno og uppbygging á Textíl lab.

Meginmarkmiðin eru að vera alþjóðleg miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfssemi í textíllframleiðslu, textíllistum og handverki í textíl, bjóða upp á aðstöðu fyrir háskólanám og fullorðinsfræðslu og vinna að samstarfsverkefnum við atvinnuuppbyggingu, samfélagsþróun og þróun í ferðaþjónustu í tengslum við textíl, menningu og sögu svæðissins.

Í Kvinnaskólanum er einnig rekin alþjóðleg Textíllistamiðstöð fyrir textíllistafólk. Á síðasta ári dvöldu 68 listamenn þar. Textíllistamiðstöðin hlaut styrk frá Nordic Culture Point árið 2019 til að veita völdum listamönnum frá Norður- og Eystrasaltslöndum styrk til að dvelja í listamiðstöðinni 2019 – 2021 að upphæð fyrir þessi þrjú ár 34.000 evrur (5.508.000.-)

- ❖ Skoðanakönnun um verðmæti ullarinnar og viðhorf sauðfjárbænda.
Unnið í samstarfi við landssamtök sauðfjárbænda og Félagsvísindastofnun HÍ. Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóð landbúnaðarins 2.800.000.- og verkefna og viðburðasviði sjávar- og landbúnaðarráðherra 300.000.-.
- ❖ Lífsferilgreining á framleiðsluþætti íslensku ullar styrkt af verkefna og viðburðasviða ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 100.000.-.
- ❖ Uppbygging Textíltúrisma á Húnavöllum í samstarfi við Húnavatnshrepp, áhersluverkefni styrkt af Uppbyggingsjóð SSNV.
- ❖ Rannsóknarverkefni í vinnslu „Bridging Textiles to the Digital Future“, rannsóknar- og þróunarverkefni á sviði vefnaðar sem hlaut styrk frá Tækniþróunarsjóði Rannís árið 2017. Verkefninu er lokið en það var kynnt á Hönnunar Mars í júní en og opnaður var um leið gagnagrunnur um vefnað.
- ❖ Markaðsetning Þrjónagleðinnar styrkt af Uppbyggingasjóð SSNV. Þrjónagleðinni var frestað um eitt ár vegna Covid-19 veirunnar verkefnið hlaut styrk að upphæð 5.162.000.-.
- ❖ Þrjár hugmyndir að verkefnum voru sendar til Uppbyggingsjóð í tengslum við aukið fjármagn vegna Covid-19 en hlutu ekki styrk.
- ❖ Textílmíðstöðin tók þátt í tveimur verkefnum sem styrkt voru af Nýsköpunarsjóði námsmanna: „Flokk till you drop“ í samstarfi við fatasöfnun RKÍ, mannfræðideild HÍ og vöru- og fatahönnun LHÍ. Verkefni arkitektanema í samstarfi við Byggðarsamlag um atvinnu og menningarmál og NMÍ sem hlutu styrk úr Nýsköpunarsjóða námsmanna.
- ❖ Erasmus+ umsókn sem menntamálaráðuneyti Galísíu á Spáni leiðir í samstarfi við stofnanir í Portúgal og Póllandi og er beðið eftir svari.

Textílmíðstöðin sinnir jafnframt þjónustu við íbúa á svæðinu og m.a. voru tekin yfir 100 fjarpróf á síðastliðnu ári í Textílmíðstöðinni.

Haldinn var fundur með flóttakonunum sem settust að á Blönduósi haustið 2019 og höfðu þær allar áhuga á því að læra að þrjóna og komu þær reglulega og fengu leiðsögn í þrjóni en markmiðið hjá þeim er að þrjóna íslenska lopapeysu og verður skoðað í haust hvort áhugi er fyrir að halda áfram.